Þetta er eigi látið hjá líða hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutaðeigendum. 132 6. nóv.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um að afmá áritanir á skuldabrjef, sem eru eign sveitarfjelaga.**—Með þóknanlegu brjefi 16. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað uppsegjanlegt konunglegt skuldabrjef nr. 63, að upphæð 100 rdl., tilheyrandi Fljótsdalshreppi og farið þess á leit, að sölubannsáritun hins danska kansellís á skuldabrjefið, verði afmáð, og um leið spurzt fyrir um, hvort landshöfðinginn gæti eigi afmáð slíkar áritanir, samkvæmt 20. gr. samanborinni við 2. gr. í auglýsingu um verksvið landshöfðingja 22. febr. 1875. 133 6. nóv.

Í tilefni af þessu, skal eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður um leið og nefnt skuldabrjef endursendist eptir að sölubanns-áritunin hefur verið afmáð, að ráðgjafinn verður að vera þeirrar skoðunar, að landshöfðinginn hafi heimild til, samkvæmt nefndri auglýsingu, með hliðsjón af 12. gr. hennar, að afmá sölubanns-áritanir á skuldabrjef, sem eru eign sveitarfjelaga, ef áritanirnar eru eptir stjórnarvöld, sem hafa átt að hafa það eptirlit með sveitarfjelögunum, sem nú hvílir á landshöfðingja.

Reikningur 134

fyrir styrktarsjóð Kristjáns konungs hins níunda frá 1. september 1885 til 31. ágúst 1886.

Tekjur.

1.	Eptirstöðvar 1. september 1885:		
	a. Innritunarskírteini og konunglegt skuldabrjef . . .	kr. 8600,00	
	b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 145,74	
	c. Í peningum	— 24,00	kr. 8769,74
2.	Vextir til 11. júní 1886 af innstæðu sjóðsins:		
	a. Af innritunarskírteini og konunglegu skuldabrjefi . .	kr. 344,00	
	b. Af fje í sparisjóði Reykjavíkur	— 5,69	kr. 349,69
		Samtals	kr. 9119,43

Gjöld.

1.	Heiðursgjafir veittar:		
	a. Guðbrandi bónda Sturlaugssyni á Hvítadal í Dalasýslu	kr. 160,00	
	b. Þorkeli bónda Jónssyni á Ormsstöðum í Árnessýslu .	— 160,00	kr. 320,00
2.	Eptirstöðvar 31. ágúst 1886:		
	a. Innritunarskírteini og konunglegt skuldabrjef . . .	kr. 8600,00	
	b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 199,43	— 8799,43
		Samtals	kr. 9119,43

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 26. oktbr. 1886.

Magnús Stephensen.

Jón Jensson.